



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 1. júlí 2009

Ákvörðun nr. 26/2009

Samruni Betri tíma ehf. og þb. BT Verslana ehf.

Þann 12. júní sl. barst Samkeppniseftirlitinu styttri samrunatilkynning vegna kaupa Betri tíma ehf. (hér eftir Betri tímar) á ákveðnum eignum þrotabús BT Verslana ehf. (hér eftir BT) í samræmi við ákvæði 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Fullnægð tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum.

Í samrunaskrá kemur fram að með kaupsamningi, dags. 8. júní 2009, hafi þrotabú BT Verslana ehf. selt Betri tímum „*allan lager, innréttingar, tölvubúnað, viðskiptavild og annað sem við kemur verslunarrekstri BT Verslana.*“ Nánar tiltekið samkvæmt 1. gr. kaupsamningsins var um að ræða allar eignir og öll réttindi, áþreifanleg sem óáþreifanleg, sem tilheyra og/eða hafa verið nýtt í rekstri BT og eru í eigu þrotabúsins. Samkeppniseftirlitið telur að í framangreindum gerningi felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga en samruni telst hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar þegar fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki, sbr. b-lið 1. mgr. 17. gr. laganna.

Betri tímar er dótturfélag Ormsson ehf. sem hefur ekki með höndum eiginlega starfsemi. Önnur félög innan samstæðunnar eru Bræðurnir Ormsson ehf., sem er í 100% eigu Ormsson ehf., Ormsson Smáralind ehf., sem er í 100% eigu Bræðranna Ormsson ehf. og Ormsson Radionaut ehf., sem er jafnframt 100% í eigu Bræðranna Ormsson ehf. Starfsemi þeirra félaga felst einkum í sölu þvottavéla, kæliskápa, smáeldhústækja, innréttinga, gjafavöru ýmiss konar, sjónvarpstækja, hljómtækja o.fl. Félög innan Ormsson samstæðunnar starfa því bæði á markaði fyrir svokölluð „hvít“ heimilistæki og á markaði fyrir önnur raftæki en „hvít“.¹ BT hefur eingöngu starfað á síðarnefnda markaðnum. Skarast starfsemi Ormsson samstæðunnar og BT því fyrst og fremst í sölu sjónvarps- og hljóðtækja á þeim markaði, líkt og fram kemur í samrunaskrá.

Að mati Samkeppniseftirlitsins mun áhrifa samrunans því fyrst og fremst gæta á markaði fyrir sölu annarra raftækja en „hvít“ heimilistækja. Samkeppniseftirlitið telur að samanlögð markaðshlutdeild Ormsson samstæðunnar og BT á þeim markaði verði í kringum 15-20% í kjölfar samrunans. Telur Samkeppniseftirlitið að samruni þessi muni ekki hindra virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

¹ Með „hvítum“ heimilistækjum er yfirleitt átt við raftæki til notkunar í eldhúsum og þvottahúsum.



Að ofangreindu virtu telur Samkeppniseftirlitið að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna samrunans.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 8. júní 2009, keyptu Betri tímar ehf. af þrotabúi BT Verslana ehf. allar eignir og öll réttindi sem tilheyra og/eða hafa verið nýtt í rekstri BT Verslana ehf. og eru í eigu þrotabúsins. Framangreindur gerningur felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson